

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Hluthafafundur 14.12. 2004

Þriðjudaginn 14. desember, árið 2004 komu hluthafar Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 18.00 í Ráðhúsinu Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Einnig sveitarstjórnarfulltrúarnir Ársæll Guðmundsson, Gísli Gunnarsson, Bjarni Maronsson, Ásdís Guðmundsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Þórdís Friðbjörnsdóttir, Sigurður Árnason, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Breytingar á samþykktum félagsins.
3. Önnur mál.

### AFGREIÐSLUR:

1. Gísli Gunnarsson kosinn fundarstjóri og Árni Egilsson fundarritari.

2. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun á Sauðárkróki skýrði þær breytingar sem þarf að gera á samþykktum félagsins vegna yfirtöku Skagafjarðarveitna ehf. á Vatnsveitu Skagafjarðar, jafnframt var lagður fram samningur á milli Sv. Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna ehf. um yfirtöku Skagafjarðarveitna ehf. á Vatnsveitunni.

Breytingar á samþykktunum eru eftirfarandi:

Grein 1.3. Er ?Tilgangur félagsins er rekstur hitaveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði, félagið mun yfirtaka rekstur Hitaveitu Skagafjarðar bs og mun það starfa á grundvelli laga og reglugerða sem settar hafa verið varðandi fyrrnefnt félag. Jafnframt er tilgangur félagsins að eiga og reka veitukerfi og fasteignir, lánastarfssemi og skyldur rekstur.?

Verður ?Tilgangur félagsins er veiturekstur í Sveitarfélaginu Skagafirði, félagið yfirtekur rekstur og eignir Hitaveitu Skagafjarðar bs og Vatnsveitu Skagafjarðar og mun það starfa á grundvelli laga og reglugerða varðandi fyrrnefnd félög. Jafnframt er tilgangur félagsins að eiga og reka veitukerfi og fasteignir, lánastarfssemi og skyldur rekstur.?

Grein 2.1. Er ?Hlutfé félagsins er 50.000.000 kr-fimmtíu milljónir kr.-og skiptist í einnar krónu hluti. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé þess um 50.000.000 kr. þannig að heildarhlutfé sé að fjárhæð 100.000.000 kr. Frekari hækkun hlutfjár er einungis heimil með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.

Verður ?Hlutfé félagsins er 100.000.000 kr.-eitt hundrað milljónir kr.- og skiptist í einnar krónu hluti. Frekari hækkun hlutfjár er einungis heimil með samþykki hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.?

Grein 4.1. Er ?Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda

skal fundargerð um stjórnarfund.

Verður Stjórn félagsins skipuð þremur aðilum og þremur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Fundarstjóri gaf orðið laust, nokkrar umræður fóru fram um orðalagsbreytingar í gr. 4.1. Gunnar Bragi Sveinsson fagnaði því að þessi samningur væri í höfn og væri til styrktar fyrirtækinu.

Því næst voru breytingarnar bornar upp og samþykktar samhljóða.

3. Önnur mál.

Ekkert mál var undir þessum dagskrálið.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 18.20

Gísli Gunnarsson fundarstjóri (sign) Árni Egilsson, ritari. (sign)